

Verstöðvarnar á Sauratúni og Skálavík

Fornleifarannsókn á verminjum á Vestfjörðum

Áfangaskýrsla

Ragnar Edvardsson



Janúar 2004

NV nr. 3-04

1. Inngangur	3
2. Fiskveiðar og búsetuþróun á Vestfjörðum.....	3
3. Fornleifarannsókn	6
Sauratún	6
Skálavík.....	7
4. Niðurstöður	8
5. Teikningar	10
6. Kort	12
7. Heimildaskrá	16

1. Inngangur

Markmið og aðferðafræði

Fornleifarannsóknin er liður í doktorsverkefni Ragnars Edvardssonar, *The development of fishing and fishing communities in the Northwest of Iceland*, við City University of New York, Graduate School and University Center. Tvær verstöðvar voru valdar til rannsóknar, önnur í Skálavík í Bolungarvíkurkaupstað og hin á Sauratúni í Kaldrananeshreppi. Í þessari skýrslu birtast helstu niðurstöður rannsóknarinnar sem unnin var sumarið 2002.

Doktorsverkefninu í heild er ætlað að svara ýmsum rannsóknarspurningum en megin tilgangur þessarar fornleifarannsóknar er að afla gagna um sögu og þróun verstöðvanna í íslensku samfélagi. Því er sérstaklega ætlað að reyna að öðlast skilning á mikilvægi verstöðva á Vestfjörðum í efnahag hins íslenska landbúnaðarsamfélags. Rannsókn þessi er upphaf að frekari rannsóknum á verminjum á Vestfjörðum.

Meginmarkmið rannsóknarinnar árið 2002 var tvíþætt. Í fyrsta lagi að kanna aldur verstöðvanna og í öðru lagi að kanna hvernig búsetu í verstöðvunum hefði verið háttáð, þ.e. hvort að um sé að ræða tímabundna búsetu á vertíðum eða hvort að búið hefði verið í verstöðvunum allt árið um kring.

Við uppgröftinn var beitt svokallaðri “*single context excavation*”, þ.e. að hver fornleifafræðileg eining fyrir sig var teiknuð, skráð og grafin burtu. Valin jarðlög voru sigtuð í gegnum 5 mm net. Uppgraftrarsvæðinu var skipt í fjóra parta og var hver partur grafinn fyrir sig. Með þessari aðferð var hægt að hafa fulla stjórn og skilning á jarðlögum og innbyrðis samhengi þeirra.

Rannsóknin var styrkt af The City University of New York, Graduate Center, Fornleifastofnun Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða. Uppgröfturinn hefði ekki verið mögulegur ef hann hefði ekki notið krafta og uppgraftrarhæfileika þeirra sem við hann unnu, Ruth Ann Maher, Marianna Betti og Jennifer Braun sem eru allar nemendur við The City University of New York.

2. Fiskveiðar og búsetuþróun á Vestfjörðum

Almennt er talið að fiskveiðar hafi ekki verið mikilvægar fyrir efnahag Íslands, (fyrir utan stutt tímabil á landnámsöld) fyrr en á 14. öld þegar markaðir í Evrópu fyrir íslenska skreið opnuðust. Þessi ásókn í íslenska skreið hafði djúp áhrif á á samfélagið og olli breytingum á atvinnuháttum, sérstaklega á Vestfjörðum. Ritáðar heimildir gefa ekki nægilega góðar hugmyndir um þessar breytingar á 14. öld og í raun er lítið vitað hversu mikilvægar fiskveiðar voru fyrir íslenskan efnahag á tímabilinu 900-1300 (Þorkell Jóhannesson, 1965).

Mikið hefur verið skrifað um fiskveiðar íslendinga fyrr á öldum en flestar rannsóknir hafa verið gerðar á tímabilinu 1700 – 1900. Flestir fræðimenn hafa lítið svo á að fiskveiðar hafi lítið sem ekkert breyst í gegnum tíðina og að fiskveiðar á 18. og 19. öld endurspeglu veiðar á tímabilinu fyrir 1700.

Íslenskir fræðimenn hafa að auki einblínt á þá kenningu að íslenskt samfélag í heild hafi í gegnum tíðina fyrst og fremst byggt afkomu sína á landbúnaði og að fiskveiðar hafi eingungis verið aukabúgrein. Staðreyndin er sú að landið er mismunandi vel til þess fallið að stunda landbúnað og stór svæði, s.s. Vestfirðir, geta ekki framfleytt sér á

landbúnaði einum saman. Kostir svæðisins eru ekki landkostir heldur það sem sjórinn færir íbúunum. Allt bendir því til þess að forsendur búsetu og búsetuþróunar á Vestfjörðum hafi verið öðruvísi en annarstaðar á landinu.

Tölfræðilegur samanburður á jarðadýrleika á Vestfjörðum og landbúnaðarsvæðum annarstaðar á landinu benda sterklega til þess að afkoma bænda á Vestfjörðum hafi ekki byggst á landbúnaði heldur fyrst og fremst á fiskveiðum og reka. Rannsóknin sýndi að um 20 – 30 % af jarðadýrleika var reiknaður út frá landbúnaði og að í mörgum héruðum á Vestfjörðum var reki um 30 % af dýrleika. Hlutfall landbúnaðar í jarðadýrleika landbúnaðarhéraðanna annarstaðar á landinu var um 70 – 80% (Ragnar Edvardsson, 2003).

Heimildir benda því sterklega til þess að búseta á Vestfjörðum hafi fyrst og fremst byggst á fiskveiðum og að landbúnaður hafi ekki verið aðalatvinnuvegur svæðisins.

Erfitt er að segja til um mikilvægi og hlutverk fiskveiða í íslensku samfélagi á tímabilinu 900 – 1250. Ritaðar heimildir gefa litlar vísbendingar og erfitt er að sjá hversu mikilvægar fiskveiðar voru í efnahag íslensks samfélags á þessum tíma. Fram að þessu hafa fræðimenn talið að fiskveiðar á landnáms- og þjóðveldisöld hafi fyrst og fremst verið aukabúgrein og skipt litlu sem engu máli í íslenskum efnahag.

Fornleifarannsóknir á öskuhaugum býla frá tímabilinu 900 – 1200, t.d. Granastaðir (Bjarni F. Einarsson, 1995) og Hofstaðir (Tom McGovern, 1999), hafa leitt í ljós talsvert magn beina úr sjávarfisktegundum. Báðir þessir bæir eru talsverða vegalengd frá sjó, Hofstaðir í u.þ.b. 80 km fjarlægð. Þetta bendir til þess að bæir sem ekki voru við sjávarsíðuna hafi annaðhvort sent menn í ver eða stundað vöruskipti við bændur sem bjuggu við sjó. Líklegt verður þó að telja að bæir sem ekki höfðu aðgang að sjó hafi haft báðan háttinn á, sumir sent vinnumenn í ver, aðrir stundað vöruskipti.

Ákveðin rök benda til þess að Vestfirðir á tímabilinu 900 – 1250 hafi verið nokkurskonar forðabúr fyrir ríkari bændur landsins. Í Þorgils sögu og Hafliða kemur skýrt í ljós að menn hafi farið norður á Strandir til að afla fjár (Sturl.sag.). Þetta bendir sterklega til þess að á landnáms- og þjóðveldisöld hafi menn getað komið afla sínum í verð hvort sem það var með innanríkis- eða utanríkisverslun. Í sömu sögu kemur greinilega í ljós að þessir ríku bændur hafi safnað skreið í skemmur og er ekki ólíklegt að hluti þess forða hafi verið notaður í verslun.

Þær náttúruauðlindir sem Vestfirðingar áttu nóg af voru reki og fiskafurðir en land til ræktunar mun minna en annarstaðar. Því er rökrétt að álykta að fiskur og fiskveiðar hafi alla tíð skipt megin máli í efnahag svæðisins.

Útflutningur á fiski hófst sennilega ekki af alvöru á Íslandi fyrr en um 1250 en líklegt er að fiskur og fiskafurðir hafi orðið mikilvægari en áður í íslensku samfélagi eftir kristintöku um árið 1000. Vestfirðir urðu því snemma lykilsvæði því svæðið gat framleitt umframafla fyrir önnur héruð sem ekki lágu við sjó. Bændur sem áttu jarðir á Vestfjörðum gátu þannig auðveldlega aukið ríkidæmi sitt með innanríkisverslun með fisk.

Það sem styrkir einna helst þá kenningu að búseta og efnahagur hafi aðallega byggst á fiskveiðum á Vestfjörðum er sú staðreynd að á tímabilinu 1250 – 1500 verður Vesturland, þá sérstaklega Vestfirðir, eitt mikilvægasta svæði landsins í pólitískum skilningi. Ríkustu og áhrifamestu menn landsins, menn á borð við Guðmund Arason og Björn Þorleifsson byggðu veldi sitt á eignarhaldi á Vestfjörðum. T.d. átti Guðmundur Arason um 70% af jörðum í Kaldrananes- og Árneshreppum (D.I. IV). Fáar þeirra jarða sem þessir menn áttu voru landbúnaðarjarðir og því er

ólíklegt að ríkidæmi þeirra hafi byggst aðallega á landbúnaði. Líklegt er að ríkidæmi þeirra hafi grundvallast að mestu leiti á fiskveiðum og verslun við útlendinga með fisk.

Aukning í fiskveiðum og verslun með fisk á Vestfjörðum er helst að merkja í heimildum á því að verslunarstöðum fjölgar og sömuleiðis fjölgar því fólki sem býr í verstöðvum allt árið um kring. Það má því færa viss rök fyrir því að á tímabilinu 1250–1500 fari að bera á myndun sjávarþorpa á Íslandi sem virðist gerast á sama tíma og annarstaðar í Evrópu (Harold Fox, 2002).

Lítið hefur verið gert í fornleifarannsóknum til að rannsaka hlutverk og mikilvægi sjávarafurða í efnahag landsmanna fyrir á öldum. Þó hafa rannsóknir á öskuhaugum sýnt með afgerandi hætti að mikilvægi fisks í efnahag landsmanna eykst til muna á tímabilinu 1250–1500 (McGovern 1992, 1999).

Fræðimenn hafa leitað ýmissa skýringa á þessari aukningu og sumir hafa viljað útskýra þetta með því að landbúnaði hafi hnignað vegna þess að ræktanleg svæði hafi minnkað vegna rofs og uppblásturs. Kólnandi veðurfar eftir 1250 hafi einnig valdið erfiðleikum í landbúnaði og neytt menn til að treysta meira á sjávarafurðir en áður.

Veðurfarsbreytingar einar sér geta ekki útskýrt þessa aukningu, sérstaklega vegna þess að kólnandi veðurfar hefur einnig áhrif á hitastig sjávar. Kólnandi sjávarhitastig veldur því t.d. að þorskurinn, sem var aðalverslunarvara landsmanna á þessu tímabili færir sig sunnar í hlýrri sjó. Þorskur getur ekki lifað í sjó sem er kaldari en 2° C og getur ekki fjölgað sér við kaldara hitastig en 4° C. T.d. virðist sem að um miðja 17. öld hafi kólnandi sjávarhitastig valdið hnignun í fiskveiðum á Vesturlandi (Hjálmar Vilhjálmsson, 1997).

Verslun með fisk er því líklegasta skýringin á aukningu fiskbeina í fornleifafræðilegum skilningi á tímabilinu 1250–1500 og útskýrir sömuleiðis ástæðu þess að Vestfirðir verða svo mikilvægir í pólitískum skilningi. Þó er það á huldu hversu víðtæk áhrif þetta hafði á vestfirskt samfélag á þessu tímabili og eina leiðin til að komast að því er með fornleifarannsóknum á ver- og búsetuminjum.

Síðustu ár hefur farið fram fornleifaskráning á Vestfjörðum og er nú svo komið að um 2000 búsetuminjar hafa verið skráðar. Allar minjar bæði í Kaldrananeshreppi og Bolungarvíkurkaupstað. Í Kaldrananeshreppi 400 minjar og 306 í Bolungarvíkurkaupstað. Í Kaldrananeshreppi voru 4 verstöðvar skráðar; Bjarnanes, Drangnes, Skreflur og Sauratún. Í Bolungarvík voru einnig 4 verstöðvar skráðar; Kálfadalur, Ós, Bolungarvík og Skálavík (Ragnar Edvardsson, 1996,1997,1999, 2002).

Við vettvangsathugun á verstöðvunum kom í ljós að munur var á milli verstöðva í þessum tveim hreppum. Í Bolungarvíkurkaupstað voru allar verbúðir mun stærri og fleiri minjar voru á svæðinu. Þennan mun má eflaust útskýra með þeirri staðreynd að þær minjar sem sjást í yfirborði eru frá 1850 og fram á 20. öld og að á því tímabili jókst mikilvægi Bolungarvíkursvæðisins en verstöðvarnar í Kaldrananeshreppi héldu áfram sem fyrr að þjóna fyrst og fremst býlum í næsta nágrenni.

Bolungarvík er ein elsta verstöð landsins og er hún ein þeirra fáu sem getið er í landnámu. Þar segir að Þuríður sundafyllir hafi sett kvíarmið og tekið toll af bændum sem réru frá víkinni (Ísl.sög.I). Í Fóstbræðrasögu hafði Bersi faðir Þormóðar Kolbrúnarskálds útræði í Bolungarvík (Ísl.sög.V). Líklegt er því að menn hafi snemma byrjað að fara í ver í Bolungarvík jafnvel skömmu eftir landnám.

Aðalverstöðin í Bolungarvík var vestan til í vikinni á því svæði sem kallað er Bolungarvíkurmálin. Verstöðin í Kálfadal var undir Óshlíðinni og Ós var austan til í Bolungarvík. Í dag er ekkert eftir af þessum verstöðvum vegna framkvæmda. Verstöðin á mölunum er horfin undir kaupstaðinn, vegagerð hefur eyðilagt verstöðina í Kálfadal og Ósi hefur verið breytt í safn.

Ein verstöð í Bolungarvíkurkaupstað er þó enn óskemmd og er hún í Skálavík. Skálavík kemur fyrst fyrir í heimildum frá 14.öld og róa þaðan bæði innansveitar- og utansveitarmenn (D.I. III). Nöfn á verbúðum benda til þess að bændur í Önundarfirði hafi haft verstöðu í Skálavík fyrir 1700. Frá 1700 og fram á miðja 19. öld róa þaðan eingöngu innansveitarmenn. Upp úr 1850 og fram á 20. öld jókst útræði svo aftur frá Skálavík og byggðist lítið samfélag upp í kringum verstöðina í vikinni. Um 1960 er svo verstöðin og flestir bæir í Skálavík komnir í eyði.

Elstu heimildir um útræði í Kaldrananeshreppi eru frá 15. öld og þar er getið um verstöð á Sauratúni, sem er í norðanverðum hreppnum (D.I.XV). Engar síðari tíma heimildir eru um útræði frá Sauratúni og er einna líklegast að hún hafi lagst í eyði á 15. öld og verstaðan verið færð að Skreflum, sem er um kílómetra norðar. Skreflur koma fyrst fyrir í heimildum á 18. öld og var róíð þaðan fram á miðja 20. öld. Tvær aðrar verstöðvar koma fyrir í heimildum frá 18. öld, Drangsnes og Bjarnanes sem eru báðar í sunnanverðum hreppnum.

Líklegt er að í upphafi hafi einungis verið ein verstöð í Kaldrananeshreppi og hefur hún verið upphaflega á Sauratúni en svo síðar á Skreflum. Hinar tvær hafa svo sennilega byggst nokkuð seinna.

Flestir bæirnir í Kaldrananeshreppi eru við sjó og var heimræði frá flestum bæjunum. Frá fyrstu tíð hafa bændur í hreppnum haft greiðan aðgang að fiskimiðum og því ekki haft eins mikla þörf á að sækja til verstöðva. Líklegast er að bændur í Kaldrananeshreppi hafi sótt í verstöðvarnar fyrir norðan eingöngu til að veiða eitthvað sem ekki fékkst í nágrenninu, s.s. hákarl.

Greinilegur munur sést á eðli og þróun verstöðvanna í Bolungarvík og Kaldrananeshreppi. Verstöðvarnar í Bolungarvík þjóna mun stærra svæði og menn víðsvegar að koma þangað á vertíð. Verstöðvarnar í Kaldrananeshreppi eru aftur á móti nýttar nær eingöngu af innansveitarmönnum.

3. Fornleifarannsókn

Sauratún

Verstöðin Sauratún er í norðanverðum Kaldrananeshreppi í landi jarðarinnar Kaldbaks. Sauratún er við sjóinn í u.þ.b. 1,5 km í austur frá bæjarstæði Kaldbaks. Elstu ritaðar heimildir um útræði frá Sauratúni er frá 1575. “Kirkian I Arnesi a heimaland halft. Item thridiung vættar skreidar aff huerium buande og fiskemanne theim sem hann er til vers. Fra Geirhole og I Sauratun halfann manud edur leingur.” (DI.XV.,562). Árni Magnússon talar um verstöð á Sauratúni í Jarðabók sinni frá 1706 og segir þar að hún hafi þá lengi verið í eyði og allar búðir fallnar (Á.M. VII., bls.354). Þetta bendir til þess að hætt hafi verið að róa frá Sauratúni um aldamótin 1600.

Í upphafi rannsóknarinnar voru verstöðvarnar á Skreflum og Sauratúni staðsettar með GPS tæki. Staðsetning þeirra er: Skreflur: 65°53.81N, 21°16.70W. Sauratún: 65°53.18N, 21°17.14W. Skreflur voru síðan mældar upp með Differential GPS stöð

en ákveðið var að mæla ekki upp Sauratún þar sem rústirnar voru mjög ógreinilegar og erfitt að átta sig á legu þeirra í yfirborði.

Á Sauratúni sést móta fyrir fimm þústum og eru þær allar svipaðar af stærð, 5*5 m í yfirborði. Þústirnar liggja í austur/vestur í lítilli brekku fyrir ofan fjöruborð. Í suðurátt, rétt fyrir ofan fjöruna, sést móta fyrir vel grónu nausti. Í norðaustur frá tóftunum fimm er rúst af stekk sem hlaðinn er úr grjóti upp við kletta. Stekkurinn er lítið gróinn og er hann ekki mjög gamall sennilega frá 19. öld.

Ákveðið var að grafa upp þá rúst sem er austast á svæðinu og var henni skipt í fjóra hluta og hver hluti grafinn fyrir sig. Þrír hlutar af fjórum voru grafnir sumarið 2002.

Eftir að yfirborðslag [1] hafði verið fjarlæggt kom í ljós ljósbrún fokmold [2], [9] sem lá yfir rústinni allri. Eftir að fokmoldin hafði verið fjarlægð komu veggir [4], [16] búðarinnar í ljós. Veggirnir voru hlaðnir á þann hátt að grjóti var hlaðið sitthvoru megin og mold fyllt á milli. Búðin var skeifulaga 2*1,50 m að innanmáli og 3 * 3 m að utanmáli. Á norðanverðu svæðinu lá veggur í austur/vestur og tilheyrir sá veggur [13] ekki búðinni þar sem að hann lá talsvert ofar og hafði hrunið [14] ofan í rústina. Veggur þessi tilheyrir öðru mannvirki sem ekki sést móta vel fyrir norðan búðarinnar og hafði rannsóknarsvæðið rétt snert þá byggingu. Þegar steinarnir [14], sem hrunið höfðu úr mannvirkinu norðan búðarinnar, höfðu verið teknir í burtu, sást að búðin var að hluta til niðurgrafin [12]. Nyrsti hluti hennar hafði verið grafinn inn í brekkuna norðanmegin og uppkastið [10], [11] notað í langveggi búðarinnar. Innan í búðinni var þunnt lag af brúnni fokmold [3] með einstöku kolaleifum og undir því var hrun úr veggjum búðarinnar [15], [17], [16]. Elstæði [19] kom í ljós nyrst í búðinni og innan í því var mjög fín aska [5]. Fyrir framan eldstæðið var svart, þunnt og samanþjappað öskulag og var það gólf búðarinnar [6]. Þetta lag þynntist út og hvarf eftir því sem nær dró syðri enda hennar. Engin merki um stoðir sáust inn í búðinni.

Eftir að búðin hafði verið grafinn fram sást að hún hafði verið grafinn inn í ruslslag norðanmegin [18] og í þessu lagi sást mikið af fisk- og dýrabeinum. Sömuleiðis voru tvö afmörkuð ruslalög [7], [8] undir og utan vestur langvegg búðarinnar. Ekki var grafið í þessi lög sumarið 2002 og bíða þau frekari rannsóknar.

Engin bein komu í ljós við uppgröftin. Sýni voru tekin úr eldstæði og gólfi í von um að ná kola- jurtalefum sem hægt væri að nota til aldursgreiningar. Við nánari rannsókn á sýnunum komu engar leifar í ljós sem voru nothæf til aldursgreiningar.

Við uppgröftin fundust nokkrir gripir og allir voru þeir úr járni eða bronsi. Járngrípirnir voru allir naglar en líklegt er að bronsbútarnir séu úr einhverjum ílátum sem notuð voru til eldamensku. Hvorki fundust gripir úr við, keramik eða gleri.

Skálavík

Skálavík er í u.þ.b. 5 km fjarlægð frá Bolungarvíkurkaupstað í samnefndum dal. Verstöðin í Skálavík er austanmegin í víkinni í landi Minni Bakka, í u.þ.b. 200 m í norður frá bæjarstæðinu. Elstu heimildir um útræði frá Skálavík eru frá 1363 í máldaga Jónskirkju skírara á Núpi í Dýrafirði en þar segir að kirkjan eigi tíund vætt í Breiðabóli í Skálavík (D.I.III.,330). Í máldaga Vatnsfjarðarkirkju frá 1509 er sagt að kirkjan í Vatnsfirði eigi þrjár vættir skarprar skreiðar úr Skálavík (D.I.VIII., 286). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að við upphaf 17. aldar rói aðeins innbyggjendur en að áður hafi margir róið frá Skálavík og komið víða að (Á.M.VIII., 144). Frá 1850 og fram á miðja 20. öld eykst svo útræði frá Skálavík og um aldamótin 1900 bjuggu þar um 85 manns en um 1912 hafði þeim fjölgað í u.þ.b. 200. Í kringum

1920 leggst útræði alveg af í Skálavík og fram til 1960 rær þaðan enginn nema innbyggjendur.

Eins og á Sauratúni var verstöðin í Skálavík staðsett með GPS tæki. Staðsetning hennar er: 66°11'07.223N, 23°28'38.566W. Síðan voru allar minjar sem sáust í yfirborði mældar upp með differential GPS stöð. Tólf minjar voru mældar upp 9 byggingar og 3 pallar undir spil. Minjarnar eru bæði misgrónar og misstórar og á sumum þeirra standa veggir allt upp í 1 m. Heillegustu byggingarnar eru rústir svokallaðra sjávarhúsa sem byggðar voru í kringum aldamótin 1900. Í þeim bjuggu fiskimenn sem stunduðu sjó allt árið um kring.

Ákveðið var að grafa ekki á þeim svæðum þar sem minjar voru mjög sýnilegar þar sem að uppgraftrátíminn var skammur og of langan tíma hefði tekið að rannsaka þær. Svæði var valið þar sem að mótaði fyrir tveim rústum. Syðri rústin var valinn og var mælt fyrir uppgraftrarsvæðinu sem var 5*5 m að ummáli. Svæðinu var svo skipt í fjóra hluta og hver hluti grafinn fyrir sig. Einungis 2 hlutar af fjórum voru grafnir sumarið 2002.

Opnaðir voru norðvestur og suðaustur hlutarnir, hver 2,50 * 2,50 m fyrir sig. Í nv hlutanum var yfirborðslagið [1] 5-10 cm þykkt. Undir því var lag [2] sem dreifði úr sér yfir allt svæðið, bæði á nv og sa hlutanum. Þetta jarðlag var ljósbrúnt með örlytlum brenndum beinum og kolum. Lagið lá bæði yfir veggina og fyrir utan og innan þá. Lagið var líklega uppsafnaður fokjarðvegur sem fokið hefur upp að rústinni, bæði að innan og utan. Í yfirborðslaginu [1] og foklaginu [2] fundust keramikbrot, glerbrot og naglar. Þessir hlutir tilheyra ekki búsetuskeiði búðarinnar sjálfrar þar sem að þeir finnast í fokjarðlögum og er líklegt að fokjarðvegurinn tilheyri síðasta skeiði búsetu í verstöðinni, c.a. 1900 – 1940. Undir lagi 2 á nv svæðinu komu í ljós mikið af steinum og eru þeir af öllum líkindum hrun [3] úr mannvirkjum í næsta nágrenni og láu þeir ofan í búðinni. Á sa hluta uppgraftrarsvæðisins kom veggur [17] í ljós og var endaði hann við suðurenda búðarinnar og er líklegt að þar hafi verið inngangur. Jarðlög [6], [8], [11], [13], [14], [15], [16] voru öllu leirkend, vatnssósa og lífræn lög, sem voru innan í búðinni. Í þessum lögum voru mikið af gripum, naglar, rúðugler, flöskugler, keramikbrot og krítarpípuhaus. Líklegt er að þessi lög séu ruslalög sem hent hafi verið innan í búðina. Oft sást móta fyrir beinum í þessum lögum en þau voru of illa farin til að hægt væri að varðveita þau. Þegar þessi jarðlög höfðu verið fjarlægð sást að við byggingu búðarinnar hafði verið grafið fyrir henni [12] og uppkastið notað sem veggir. Steinum hafði verið bætt í veggina til að styrkja þá. Að innanmáli var búðin 2 * 2 m að ummáli. Ekkert gólf sást í búðinni og engar stóðarholur sem bendir til þess að ekki hafi verið um fasta búðarsetu að ræða.

Sýni voru tekin úr jarðlögum til að ná í jurta og kolaleifar til aldursgreiningar en ekki reyndist hægt að finna hæfileg dýrabein til aldursgreiningar þar sem þau reyndust of illa farin. Enn er beðið niðurstöðu greiningu sýna.

All nokkrir gripir fundust, bæði úr járn, gleri, keramik. Nokkur rúðurbrot fundust og eru þau sennilega úr byggingum í næsta nágrenni sem búið var í um aldamótin 1900. Í jarðlagi [11] fannst krítarpípa sem að öllum líkindum er Basistype 3 frá um 1750 – 1850 (Duco, D.H. 1987).

4. Niðurstöður

Verbúðin sem grafin var upp sumarið 2002 á Sauratúni var lítil, 2*1,50 m að ummáli. Þeirri aðferð hafði verið beitt við byggingu hennar að grafið var fyrir henni og uppkastið notað í vegg ásamt grjóti úr næsta nágrenni. Ekki hafði náð að myndast

nema örþunnt gólflag sem bendir sterklega til þess að búðin hafi verið notuð tímabundið, þ.e. á vertíðum og hafi legið auð á milli. Líklegt er að búðin hafi ekki haft þak heldur hafi verið tjaldað yfir hana á meðan að hún var í notkun, þar sem að engin merki um stoðarholur sást. Einnig verður að teljast ólíklegt að sofið hafi verið í þessari búð sérstaklega vegna stærðar heldur hafi hún verið notuð sem eldunaraðstaða eins og eldstæðið bendir sterklega til. Dæmi er um í rituðum heimildum að sérstök búð hafi verið notuð sem eldhús.

Því miður reyndist ekki unnt að ná sýnum til kolefnisaldursgreiningar og því erfitt að áætla með nákvæmni um aldur búðarinnar. Gripir benda þó til þess að búðin sé frá því fyrir 1500 þar sem að ekki fundust neindir gripir úr keramik eða gleri. Til samanburðar má benda á að við uppgröft á verstöðinni í Akurvík í Árneshreppi árið 1990 fundust eingöngu járn og bronsgripir í elstu lögunum en í þeim yngri frá því eftir 1500 fundust gler og keramikbrot. Elstu lögin í Akurvík voru aldursgreind með kolefnisgreiningu til 13. - 15. aldar (McGovern, T., Amaro, T., 1999). Báðar verstöðvarnar á Akurvík og Sauratúni voru svipaðar að stærð og lögun og virðast hafa lagst í eyði á svipuðum tíma. Uppgröfturinn leiddi í ljós eldri búsetuskeið á Sauratúni þar sem að búðin hafði verið grafinn inn í ruslslag.

Við frekari rannsókn á verstöðinni verður hægt að komast að því hvenær byrjað var að róa frá Sauratúni, hvaða fisktegundir voru veiddar, hvaða aðstöðu og hvernig búíð var um búðarsetumenn. Slíkt mun gefa nýjar og ómetanlegar upplýsingar um efnahag landsmanna og um stöðu fiskveiða í íslensku samfélagi fyrir 1500.

Verbúðin í Skálavík var svipuð að stærð en þó nokkuð stærri, 2*2 m að ummáli. Sömu aðferð hafði verið beitt við byggingu hennar en eini munurinn var að öll búðin var grafin niður ekki bara hluti hennar eins og á Sauratúni. Ekkert eldstæði fannst í búðinni og má því reikna með að sofið hafi verið í henni. Henni svipar einnig til búðarinnar á Sauratúni að því leiti að ekki sást neindir stoðarholur og gólflag hafði ekki náð að myndast. Því bendir allt til þess að þessi búð hafi verið notuð á vertíðum og legið auð þess á milli.

Efstu lögin bentu til þess að eftir að hætt hafi verið að nota þessa búð hafi mikið verið um að vera í nágrenni hennar. Gripir úr þessum lögum benda til þess að hætt hafi verið að nota búðina á 19. öld og hún hafi staðið auð síðan. Gripir benda þó til þess að hún sé ekki eldri en frá því á 18. öld. Enn er beðið greiningu sýna svo ekki er hægt að aldursgreina rústina með vissu.


Augljóst er á fjölda minja í verstöðinni í Skálavík að þær eru frá mismundandi tímum, eru þær því mikilvægar upplýsingar um fiskveiðar og þróun þeirra og eðli fyrir íslenskt samfélag. Með frekari rannsókn í Skálavík verður hægt að varpa skýru ljósi á stöðu verstöðvarinnar fyrir 1500 og þá sérstaklega að sjá hvort hún hafi verið umfangsmeiri en hún síðar varð.

Ekki er hægt með vissu að fullyrða um þróun verstöðvarinnar í Skálavík í gegnum tíðina þar sem að rannsóknarsvæðið var lítið. Rannsóknin sumarið 2002 bendir þó til þess að á 18. öld hafi verstöðin í Skálavík verið lítil og eingöngu róið þaðan á vertíðum. Á 19. öld verður breyting á og verstöðin stækkar og þegar kemur fram á lok 19. aldar fer að bera meira á fastri búðarsetu.

5. Teikningar



Teikning 1. Verbúðin á Sauratúni í lok uppgraftrar.




Teikning 2. Verbúðin í Skálavík í lok uppgraftrar.


6. Kort




Kort 1. Verstöðvarnar Skálavík og Sauratún.



Kort 2. Staðsetning Sauratúns í Kaldrananeshreppi.



Kort 3. Staðsetning Skálavíkur í Bolungarvíkurkaupstað.



Kort 4. Uppgrafrarsvæðið í Skálavík.

7. Heimildaskrá

Diplomatarium Islandicum, I-XV, Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1857.

Íslendinga Sögur, I-XV, Guðni Jónsson ritstj., Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík 1981.

Sturlunga Saga, I. Bindi, Guðni Jónsson ritstj., Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík 1981.

Árni Magnússon, Páll Vídalín, *Jarðabók*, VII. bindi, Kaupmannahöfn 1940.

Bjarni F. Einarsson, *The Settlement of Iceland; A Critical Approach, Granastaðir and the Ecological Heritage*. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag 1995.

D.H., Duco, *De Nederlandse Kleipijp, Handboek voor dateren en Determineren*, Leiden 1987.

Harold Fox, *The Evolution of the Fishing Village: Landscape and Society along the South Devon Coast, 1086 – 1550*, Leicester Explorations in Local History 1., Oxford 2002.

Thomas H. McGovern, Preliminary Report of Animal Bones from Hofstaðir, and Area G excavations 1996-97. *Archaeologica Islandica* 2. 1999.

Thomas H. McGovern og Thomas Amarosi, *Archaeological Investigations in Árneshreppur. Northwest Iceland: A preliminary Report of Results of the 1990 Field Season og the Icelandic Paleoeconomy Project*. Bioarchaeological Laboratory. Dept. of Anthropology. Hunter College 1992.

Ragnar Edvardsson, *Fornleifaskráning í Bolungarvík, fyrsti hluti, Kaupstaðurinn og jarðirnar næstar honum*. Fornleifastofnun Íslands 1996.

Ragnar Edvardsson, *Fornleifaskráning í Bolungarvík, annar hluti*. Fornleifastofnun Íslands 1997.

Ragnar Edvardsson, *Fornleifaskráning í Bolungarvík, Lokaskýrsla*. Fornleifastofnun Íslands 1999.

Ragnar Edvardsson, *Fornleifaskráning í Kaldrananeshreppi, Lokaskýrsla*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2002.

Ragnar Edvardsson, Statistical Analyzis of the 1703-1712 Land Register: Four Districts in the Northwest of Iceland, *Ráðstefna skandinavískra fornleifafraeðinga á Akureyri 2001*, Reykjavík 2002

Hjálmar Vilhjálmsson, Climatic variations and some examples of their effects on the marine ecology of Icelandic and Greenland waters, particular during the present century. *Rit Fiskideildar. Journal of the Marine Research Institute* 15. 1997.

Þorkell Jóhannesson, *Lýðir og Landshagir I.*, Reykjavík 1965.